

Nd.

265. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 40 20. júní 1923, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Staflíður b. í 3. grein laganna orðist svo:

Skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningshéill, þar á meðal kvikmyndasýningar, reknar af bæjar- og sveitarfélögum, ef öllum ágóðanum er varið til menningarmála og á þann hátt, að með því sé ekki létt sjálfsagðri kvöð af bæjar- eða sveitarsjóðunum, enda fari um það samkvæmt reglugerð, er ráðherra staðfestir.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, sem hefir rekið kvikmyndahús um skeið, haft fyrir það sérstakt reikningshald og sett þegar í upphafi reglugerð um, að öllum ágóða skyldi varið „til styrktar málefna, er miða að almenningshéill“ innan kaupstaðarins. Hugði hún sig á þann hátt vera lausa við skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 40, 20. júní 1923, 3. gr. staflíð b. En þegar til kom, reis ágreiningur um þetta, og mun ríkisstjórnin telja kvikmyndahúsið eftir sem áður skattskyld.

Hvort sem sá skilningur á bókstaf laganna fær staðizt eða ekki, verður það að teljast hart að gengið, að undanþiggja ekki bæjar- og sveitarfélög þessum skatti, ef þau verja öllum ágóða af kvikmyndasýningunum á þann hátt, er í frv. greinir, ekki sizt ef tryggt er með reglugerð, staðfestri af ráðherra, að misbeiting eigi sér ekki stað.

Kvikmyndasýningar geta verið eitt hið þýðingarmesta menningartæki, ef reynt er að beita þeim á þann hátt. Er þeirrar viðleitni helzt að vænta, ef sýningarnar eru í höndum hins opinbera, en jafnframt eiga slíkar sýningar á hættu að verða ekki önnur eins gróðafyrirtæki og kvikmyndasýningar einstakra manna, sem miða við gróðann einan, og má ekki minna vera en að ríkið geri þar einhvern mun á.